



Starfsáætlun Gufunesbæjar 2014 – 2015



Efnisyfirlit

INNGANGUR	4
SKIPURIT	5
LEIÐARLJÓS SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS	6
STARFSEMIN Í TÖLUM	7
MEGIN VERKEFNI OG ÁHERSLUR Í STARFI 2014 - 2015	8
Barnastarf 6 – 9 ára	8
Unglingastarf 10 – 16 ára	8
Frístundagarður og Hlaðan	8
Skíðasvæði innan borgarmarkanna	9
Hverfasamstarf og samþætting	9
Gildi Gufunesbæjar	10
Innra og ytra mat á frístundastarfi	10
Markaðs- og kynningarátak	10
Þróunarverkefni	10
Atvinnuáttaksverkefni	10
STEFNUKORT SFS	11
STEFNUÞÆTTIR, MARKMIÐ OG LEIÐIR	12
LYKILTÖLUR	18



INNGANGUR


Þær leiðir sem settar eru fram í starfsáætlun Gufunesbæjar fyrir starfsárið 2014 – 2015 eru unnar út frá stefnuþáttum og markmiðum í starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs. Nánari útfærslur á leiðunum ásamt tímarömmum er að finna í vinnuskjöllum hjá ábyrgðaraðilum.

Starfsáætlun Gufunesbæjar er unnin af starfsfólki frístundamiðstöðvarinnar. Hugmyndir og útfærslur eru unnar í deildum og er tekið mið af upplýsingum um þátttöku í starfi Gufunesbæjar auk þess sem niðurstöður viðhorfskannana s.l. árs eru nýttar. Stjórnendur frístundamiðstöðvarinnar sáu um samræmingu og lokafrágang.

Undir Gufunesbæ heyrja átta frístundaheimili fyrir börn 6 – 9 ára, frístundaklúbbur fyrir 10 – 16 ára börn og unglinga með fötlun og fjórar félagsmiðstöðvar fyrir sama aldur. Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS er leiðarljós í öllu starfi Gufunesbæjar og mikil áhersla er lögð á að tryggja gott uppeldisumhverfi og auðvelda aðgengi að uppbyggilegu frístundastarfi. Í því sambandi er einnig mikilvægt að aðstaða til frístundaiðkunar sé góð og í takt við kröfur samfélagsins. Frístundamiðstöðin byggir starfsemi sína á öflugu tengslaneti í Grafarvogi og samstarfi við fjölmarga aðila innan sem utan hverfis. Sérstök áhersla er lögð á gott samstarf við foreldra þjónustuþega.

Mikil uppbygging hefur átt sér stað á svæðinu við Gufunesbæinn. Hingað til hefur verið talað um „útivistarsvæðið við Gufunesbæ“ en hér eftir er ætlunin að nota þess í stað hugtakið „frístundagarður“. Á svæðinu fer fram fjölbreytt starfsemi þar sem áhersla er lögð á að þjónusta hópa auk þess að skipuleggja viðburði og stuðla að áframhaldandi uppbyggingu svæðisins. Frístundamiðstöðin tekur þátt í og skipuleggur fjölbreytt hverfastarf m.a. í formi viðburða og skemmtana. Boðið er upp á frístundatilboð fyrir fjölskyldur í Grafarvogi og stuðlað er að þróun samstarfs við félagasamtök og stofnanir í hverfinu. Frístundamiðstöðin hefur, í samstarfi við Íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur, umsjón með þremur skíðabrekkum í borginni í Húsahverfi, Ártúni og Seljahverfi.

SKIPURIT





LEIÐARLJÓS SKÓLA- OG FRÍSTUNDASVIÐS

**AÐ BÖRNUM OG UNGMENNUM Í BORGinni LÍÐI VEL, ÞEIM FARI STÖÐUGT
FRAM OG ÞAU ÖÐLIST UPPELDI OG MENNTUN FYRIR LÍF OG STARF.**

STARFSEMIN Í TÖLUM

Þrettán starfsstaðir heyra undir Gufunesbæ sem einnig hefur umsjón með frístundagarði og þremur skíðabrekkum í borginni. Þann 1. október 2014 störfuðu 115 starfsmenn í Gufunesbæ. 29 í fullu starfi og 86 í hlutastarfi. Að auki hafa verið um 50 starfsmenn í tímabundnum störfum bæði hlutastörfum og í fullu starfi. Þann 1. október 2014 voru 616 börn skráð í frístundaheimilin. (Þátttökuhlutfall barna í 1. bekk í frístundaheimilum Gufunesbæjar er 97%, í öðrum bekk er það 85%, í þriðja bekk 69% og í fjórða bekk 30%. Alls voru 19 börn skráð í frístundaklúbbinn Höllina þann 1. október. Samkvæmt tölum frá Hagstofunni er fjöldi barna og unglunga sem geta sótt starfið í félagsmiðstöðvum Gufunesbæjar 718 á aldrinum 10 – 12 ára og 757 á aldrinum 13 – 16 ára. Samkvæmt könnun Rannsóknar & Greiningar vorið 2013 tóku að meðaltali 24,7% barna í 5. – 7. bekk þátt í félagsmiðstöðvastarfi einu sinni í viku eða oftar en meðaltalið fyrir Reykjavík er tæp 10% en sambærileg könnun verður næst lögð lögð fyrir vorið 2015. Í könnun Rannsóknar & greiningar sem lögð var fyrir unglunga í 8. – 10. bekk vorið 2014 mættu rúmlega 61% unglunga í Grafarvogi reglulega á opið hús í félagsmiðstöðinni sinni en meðaltalið fyrir Reykjavík er 45%. Um 37% unglunga tóku reglulega þátt í hópa- eða klúbbastarfi, meðaltalið fyrir Reykjavík er 30%, um 34% unglunga tóku þátt í öðru starfi á vegum félagsmiðstöðvarinnar og þar er meðaltalið fyrir Reykjavík 28%. Fjöldi hópa sem heimsækja útvistarsvæðið fjölga ár frá ári auk þess sem margir aðilar nýta sér góða aðstöðu í Hlöðunni fyrir frístundastarf, fundi og starfsdaga.



MEGIN VERKEFNI OG ÁHERSLUR Í STARFI 2014 - 2015

Barnastarf 6 – 9 ára

Frístundaheimilin munu máta starfsemi sína við viðmið og vísbendingar um gæðastarf sem nú liggja fyrir hjá SFS og nýta þá vinnu til framþróunar starfsins. Tuttugu og fimm ára afmæli Barnasáttmálans verður fagnað og leitað leiða til þess að innleiða markvissa fræðslu um hann. Spjaldtölvur verða notaðar í þróunarverkefni þar sem öll frístundaheimilin vinna eftir sameiginlegri verkáætlun og búa til stuttmyndir og myndbönd. Markvisst verður unnið að því að auka samstarf milli frístundaheimila með eldri börn. Sumarstarf



frístundaheimilanna tók þátt í rannsóknarverkefni um útivist sem er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Háskólans í Edinborg. Starfsfólk fékk fræðslu um notkun einfaldra hluta til þess að afmarka svæði í náttúrunni í því skyni að búa til vettvang ævintýra og skemmtilegrar upplifunar með börnum. Reynslan af því verkefni verður notuð til þess að auka vægi útivistar í starfi frístundaheimilanna í samstarfi við útivistardeild Gufunesbæjar.

Unglingastarf 10 – 16 ára

Farið verður í það verkefni að máta starfsemi félagsmiðstöðvanna við ný viðmið um gæðastarf sem nú liggja fyrir hjá skóla- og frístundasviði og nýta þá vinnu til framþróunar starfsins. Félagsmiðstöðvar munu leita leiða til að kynna Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna fyrir börnum og unglingum og taka fyrstu skrefin í að laga starfið viðmiðum um heilsueflandi félagsmiðstöðvar. Þróað verður námskeið fyrir unglinga þar sem unnið verður með tilfinningavanda og sjálfsstyrkingu og áfram verður haldið að fræða unglinga um uppbyggileg samskipti en það verkefni hlaut einmitt



hvatningarverðlaun SFS sl. vor. Aðkoma félagsmiðstöðva að svokölluðu félagsmálavali grunnskólanna hefur verið með ýmsum hætti fram að þessu. Nú hefur starfsfólk félagsmiðstöðvanna umsjón með þessu verkefni í samstarfi við þrjá skóla af fjórum þar sem unglingadeildir eru starfandi í hverfinu. Útfærslur eru ólíkar enn sem komið er en það verður fróðlegt að fylgjast með hvernig þetta verkefni þróast í framtíðinni og mikilvægt að rýna í og meta hvaða leiðir henta best. Í samstarfi við frístundaklúbbinn Höllina verður í vetur lögð áhersla á að aðlaga 10-12 ára börn í almennt félagsmiðstöðvastarf og fyrstu skref stigin í þá átt strax á haustmánuðum.

Frístundagarður og Hlaðan

Haldið verður áfram með þróun og uppbyggingu á frístundagarðinum í Gufunesi. Gert er ráð fyrir að skipulagning fjölskyldusvæðis innan frístundagarðsins verði kláruð og framkvæmdir að hluta. Á fjölskyldusvæðinu er fyrirhugað að setja upp leikkastala fyrir börn. Einnig verður vatnslögn lögð að

fyrirhuguðu vatnsleiktæki og að útiöldunarsvæði. Leitað verður leiða til að klára vatnsleiktæki og rólu sem búið er að hanna og teikna. Í samstarfi við Jaðaríþróttafélag Reykjavíkur verður haldið áfram að vinna að uppbyggingu á steypu hjólabrettasvæði. Frumhönnun og kostnaðarmat á hjólabrettasvæðinu liggur fyrir. Áfram verður unnið í samstarfi við hagsmunahópa og áhugasviðshópa að nánari útfærslu á tilteknum svæðum innan frístundagarðsins, þar má nefna Háskóla Íslands, Skautafélagið Björninn og Korpúlfa. Einnig verður áframhaldandi þróun hópeflistilboða sem nýtast mismunandi aldri og stærð hópa. Markmiðið með þessari vinnu er að gera hópana sem koma á svæðið sjálfbærari. Unnið verður að þróun útináms og útivistar í samstarfi við leik- og grunnskóla í Grafarvogi. Stefnt er að því að halda nokkur kennaranámskeið og útbúa kennslufni sem kennarar geta nýtt sér þegar þeir taka fyrstu skrefin í útinámi. Einnig verða sambærilegar hugmyndir skoðaðar fyrir frístundastarfið.



Skíðasvæði innan borgarmarkanna

Gufunesbær heldur utan um starfsemi skíðasvæðanna í Ártúnsbrekku, í Breiðholti við Jafnasel og í Grafarvogi við Dalhús. Fyrirhugað er að skipta út aðstöðugám á skíðasvæðinu við Jafnasel. Í staðinn kemur húsnæði með aðstöðu fyrir starfsfólk auk salernisaðstöðu. Á skíðasvæðinu við Dalhús í Grafarvogi er gert ráð fyrir uppsetningu á lýsingu í skíðabrekku. Fyrirhugað er að gera tilraunir með að troða brekkur ef aðstæður skapast til þess. Einnig er fyrirhugað samstarf við gönguskíðaklúbbinn Ulli um lagningu á gönguskíðaspori á skíðasvæðinu í Ártúnsbrekku.



Hverfasamstarf og samþætting

Mikið og gott samstarf hefur ávallt verið milli stofnanna Reykjavíkurborgar og félagasamtaka í Grafarvogi. Samstarf Gufunesbæjar við skólasamfélagið í Grafarvogi hefur ávallt verið mikið og náið enda eru starfsstaðir Gufunesbæjar staðsettir í grunnskólunum og verið er að vinna með sömu einstaklingana. Fulltrúar stjórnenda SFS í Grafarvogi hittust á starfsdegi s.l. vor þar sem núverandi samstarf og samráð var kortlagt og leiða leitað við að auka það enn frekar. Í framhaldi verða ákveðin viðfangsefni sett í þverfaglega nefndarvinnu.



Gildi Gufunesbæjar

Í upphafi ársins 2013 var sett af stað gildisvinna fyrir frístundamiðstöðina. Gildin eru FJÖLBREYTTILEIKI – GLEÐI – FAGMENNSKA. Á árinu verður unnið að innleiðingu gildanna á öllum starfsstöðvum Gufunesbæjar en nú í september verður starfsdagur með öllu starfsfólki Gufunesbæjar þar sem það verður virkjað í hugmyndavinnu um nánari útfærslu.

Innra og ytra mat á frístundastarfi

Viðmið og vísbendingar fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs hjá SFS liggja nú fyrir. Stefnt er að því að máta starf frístundaheimila og félagsmiðstöðva við þetta verkfæri og leita leiða til umbóta og framþróunar.

Markaðs- og kynningarátak

Hjá Gufunesbæ er starfrækt markaðsnefnd en hlutverk hennar er að greina núverandi stöðu í markaðs- og kynningarmálum ásamt því að leggja fram tillögur um hvernig bæta má kynningu á starfi Gufunesbæjar, inn á við sem og út á við, til allra markhópa sem tengjast starfseminni.

Þróunarverkefni


Styrkur fékkst úr Þróunarsjóði SFS til þess að greiða fyrir ákveðna þætti við innleiðingu iPad spjaldtölva í starf frístundaheimilanna. Haldið verður námskeið um gerð stuttmynda og unnið verður eftir sameiginlegri verkáætlun þar sem m.a. verða gerð myndbönd til þess að kynna starfsemina. Einnig fékkst styrkur til að gera kynningarmyndband um starf frístundamiðstöðva. Verkefnið verður unnið í samstarfi við Frístundamiðstöðina Kringlumýri.

Atvinnuátaksverkefni

Þrjú atvinnuátaksverkefni voru í gangi í Gufunesbæ til vorsins 2014. Leita verður leiða til bjóða upp á atvinnuátaksverkefni í Gufunesbæ vegna frístundagarðsins og skíðasvæða í samráði við Vinnuálastofnun og mannauðsdeildar Ráðhúss Reykjavíkur.



STEFNUKORT SFS



STEFNUÞÆTTIR, MARKMIÐ OG LEIÐIR

BARNIÐ, NEMANDINN, UNGMENNIN			Sameiginlegar leiðir
			Barnastarf
			Unglingastarf
			Útivist
STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR	
Sterk sjálfsmynd og félagsfærni	Sterk sjálfsmynd, samkennd og samskiptafærni.	Unnið verður að því að styrkja sjálfsmynd barna í gegnum þátttöku í stuttmyndagerð.	
		Skipuleggja í samstarfi við sálfræðing námskeið þar sem unnið er með unglingum sem þurfa stuðning vegna tilfinningavanda með áherslu á sjálfsstyrkingu.	
		Halda samskiptanámskeið fyrir unglinga í öllum félagsmiðstöðvum Gufunesbæjar og þróa enn frekar samskiptanámskeiðið sem farið var af stað með í Fjörgyn sl. vetur.	
		Þróa viðburð sem hefur það að leiðarljósi að efla samkennd, sjálfsmynd og samskiptafærni í gegnum áskoranir í útivistarmiðuðu samhengi.	
	Jöfn tækifæri þar sem hugað er að velferð allra.	Frístundaheimilin fagna 25 ára afmæli Barnasáttmálans á fjölbreyttan hátt.	
		Frístundaklúbburinn Höllin vinnur að aðlögun 10-12 ára barna í almennt félagsmiðstöðvastarf í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna.	
		Leitað verður leiða til að kynna og vinna með Barnasáttmálann í starfi félagsmiðstöðva.	
		Áframhaldandi kortlagning á þeim hópum sem hafa nýtt sér útivistarsvæði Gufunesbæjar á síðustu tveimur árum og nýta þær upplýsingar í markvissari kynningar.	
	Aukið sjálfstæði, frumkvæði, metnaður og ábyrgð.	Hugað verði að því að skapa vettvang eða aðstæður til þess að börnin fái fleiri tækifæri til þess að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og beri aukna ábyrgð á framkvæmdinni.	



BARNIÐ, NEMANDINN, UNGMENNIN			Sameiginlegar leiðir
			Barnastarf
			Unglingastarf
			Útivist
STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR	
Öryggi, heilbrigði, vellíðan og gleði	Heilbrigður lífsstíll.	Búið er að vinna gátlista um heilsueflandi félagsmiðstöðvar hjá Gufunesbæ og munu félagsmiðstöðvar taka mið af honum við skipulagningu starfsins. Frístundaheimilin skoða og skrá samsetningu síðdegishressingar í því skyni að auka hollustu.	
	Öruggt umhverfi þar sem unnið er markvisst gegn áhættuhegðun.	Uppfæra vinnureglur varðandi upplýsingamiðlun til foreldra ef grunur leikur á áhættuhegðun hjá unglingi og vinna samkvæmt þeim. Vinna verkferil í samstarfi við Miðgarð, grunnskólanna og fulltrúa foreldra til að fylgja þegar upp kemur grunur um neyslu vímuefna í unglingahópi í viðkomandi skóla og/eða ef vinna þarf gegn neikvæðri hópamyndun í hverfi.	
	Komið er til móts við ólík áhugasvið.	Þátttaka hvers árgangs í starfi frístundaheimila skoðuð og settar fram leiðir til þess að ná til stærri hóps þar sem þess gerist þörf. Nýta markvisst fjölbreytta kunnáttu og sérþekkingu starfsfólks félagsmiðstöðva og frístundaklúbbs til að koma til móts við ólík áhugasvið og til að auka fjölbreytni í starfi félagsmiðstöðva. Vinna að skipulagningu útivistarsvæðis Gufunesbæjar með það að leiðarljósi að komið sé til móts við ólík áhugasvið. Virkja áhugahópa til þátttöku í skipulagningu á útivistarsvæðinu í Gufunesi.	
Viðtæk þekking, færni og árangur	Aukin gæði í öllu starfi í þeim tilgangi að efla þekkingu, færni og árangur.	Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar nýta viðmið og vísbendingar um gæði í frístundastarfi til að efla innra mat	
	Læsi í víðum skilningi, gagnrýnin hugsun og samræða.	Vinna markvisst að innleiðingu Ipad spjaldtölva í starf frístundaheimila í gegnum þróunarverkefni og sameiginlega verkáætlun.	
	Aukin þekking á listum og menningu og færni til sköpunar.	Efla virkni og þátttöku starfsstaða í barnamenningarhátíð með áherslu á samstarf innan hverfis á milli skólastiga, aldurstiga og stofnana.	
	Aukin umhverfisvitund og menntun til sjálfbærni.	Kynna frístundagarðinn við Gufunesbæinn fyrir foreldrum og forráðamönnum barna í frístundaheimilunum. Byrja á þróun „verkefnapakka“ sem stuðlar að umhverfisvitund og sjálfbærni og sem innihalda verkefni sem hægt er að framkvæma í frístundagarðinum við Gufunesbæ.	

BARNIÐ, NEMANDINN, UNGMENNIN			Sameiginlegar leiðir
			Barnastarf
			Unglingastarf
			Útivist
STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR	
Samfélagsleg ábyrgð, virkni og víðsýni	Aukin þekking á grunngildum samfélagsins og mannréttindum.	Frístundaheimili, frístundaklúbbur og félagsmiðstöðvar setja niður leiðir til þess að kynna Barnasáttmálann markvisst fyrir börnum og unglingum.	
	Samfélagsleg ábyrgð og lýðræðisleg þátttaka.	Skoða og meta aðkomu félagsmiðstöðva að félagsmálavali inni í þeim grunnskólum þar sem slíkt samstarf er við lýði með frampróun verkefnisins að leiðarljósi. Gera tilraun með breyttar áherslur í starfi unglingaráða með því að fjölga þeim sem sitja í ráðinu og virkja þannig fleiri til þátttöku í skipulagningu og framkvæmd félagsmiðstöðvastarfsins. Markvisst unnið að því að efla starf ungmennaráðs og búa til öflugan hóp ungmenna sem eru virkir þátttakendur í starfinu og festa ráðið þannig enn betur í sessi.	



VERKLAG	Sameiginlegar leiðir		
	Barnastarf		
	Unglingastarf		
	Útivist		
STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR	
Nám og starf án aðgreiningar, við hæfi hvers og eins	Koma til móts við ólíkar þarfir með fjölbreyttum aðferðum og viðfangsefnum	Markvisst samstarf verður með eldri barnahópinn í frístundaheimilunum Kastala, Simbað og Regnbogalandi annars vegar og hins vegar í Hvergilandi og Brosbæ.	Gera upplýsingar um aðgengi að frístundagarði Gufunesbæjar sýnilegri og aðgengilegri þeim sem vilja nýta sér svæðið upp á eigin spýtur.
Samstarf byggt á lýðræði og fjölbreytni	Markviss, samræmd upplýsingamiðlun og fræðsla til foreldra og barna/nemenda/ungmenna.	Samræma útlit, form og inntak grunnupplýsinga fyrir foreldra í frístundaheimilum, frístundaklúbbum og félagsmiðstöðvum.	
Flæði á milli skólastiga námsgreina og skóla- og frístunda-starfs	Auka samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs við lok leikskólagöngu.	Virk þátttaka Gufunesbæjar í auknu samstarfi og samþættingu skóla- og frístundastarfs í Grafarvogi.	Meta samráð og samstarf frístundaheimila við leikskóla í Grafarvogi og foreldrafélög grunnskólanna og leita leiða til að bæta það og þróa.
Umbætur, mat og nýbreytni	Tilrauna-, þróunar- og umbótastarf byggi á rannsóknum og árangurinn metinn	Vinna skorkort Gufunesbæjar og tengja það markmiðsetningu í starfsáætlun 2014 – 15.	Farið í kynningarátak á starfsemi Gufunesbæjar þar sem m.a. verður unnið að samræmdu vinnulagi varðandi útgefið efni.
	Ytra og innra mat á starfsemi sem nýtt er til umbóta	Gerð verður tilraun með að auka frístundastarf fyrir börn í 5. bekk í samstarfi félagsmiðstöðvar og frístundaheimilis í Staðahverfi.	Útbúin viðmið vegna gerðar starfsáætlunar starfsstaða Gufunesbæjar í þeim tilgangi að samræma vinnulag. Markviss eftirfylgni með að slíkar áætlanir verði unnar og árangur metinn.
	Ábyrg skjala- stjórnun og stjórn- sýsla, virkt gæðakerfi og innra mat	Gæði frístundastarfsins í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum metin með hliðsjón af gæðaviðmiðum um innra og ytra mat og verkefnum forgangsraðað í kjölfarið.	Vinna að markvissari skjalavistun í samráði við Borgarskjalasafn.

Mannauður	Sameiginlegar leiðir	
	Barnastarf	
	Félagsmiðstöðvastsarf	
	Útivist	
STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR
Fagleg forysta	Framsækin stjórnun þar sem sýn, gildi og markmið eru skýr.	Markvisst unnið að innleiðingu gilda Gufunesbæjar í öllu starfi. Merkingar endurnýjaðar í því skyni að koma gildum Gufunesbæjar á framfæri. Auka vitund starfsfólks um jafnréttismál, s.s. um staðalmyndir, kynbundinn launamun, kynbundna og kynferðislega áreitni.
	Stjórnendur og starfsmenn leitast stöðugt við að efla starf og bæta árangur.	Vinna verði hafin við gerð ramma vegna frammistöðumats fyrir forstöðumenn. Stjórnendur rýni í sinn stjórnunarstíl og þrói hann. Vinna skorkort Gufunesbæjar og tengja það markmiðsetningu í starfsáætlun 2014 – 15.
	Stjórnun einkennist af jákvæðu viðhorfi og virku upplýsingastreymi.	Efla og bæta Facebook síðu starfsfólks Gufunesbæjar í því skyni að auka upplýsingaflæði og stuðla að aukinni samræðu.
Eftirsóknarvert, vinsamlegt og hvetjandi starfsumhverfi	Samstarf á vinnustaðnum byggist á trausti, endurgjöf, virðingu og sveigjanleika.	Allir stjórnendur Gufunesbæjar taka þátt í markvissri og liðsheildarvinnu þar sem unnið er eftir fyrirfram skilgreindu vinnulagi.
	Heilsueflandi og öruggt starfsumhverfi.	Tryggja heilsusamlegt vinnuumhverfi Gufunesbæjar þannig að það sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Vinna að áhættumati á frístundagarði Gufunesbæjar og þeirri starfsemi sem þar fer fram.
	Starfsstaðir vinna saman að þróunarverkefnum innan og milli fagsviða	Gerð kynningarmyndbands um starfsemi frístundamiðstöðva Sótt verður um styrk til að þróa samstarf frístundaheimila, félagsmiðstöðvar og Vætaskóla um starfsnám unglinga í frístundaheimili.

Auðlindir	Sameiginlegar leiðir	
	Barnastarf	
	Félagsmiðstöðvarstarf	
	Útivist	
STEFNUÞÁTTUR	MARKMIÐ	LEIÐIR
Hagkvæm nýting fjármagns	Stöðug rýning tækifæra til endurskipulagningar	Stuðla að hagkvæmari innkaupum með því að nýta markvissar ramma- og afsláttarsamninga borgarinnar og skoða möguleika á auknum sameiginlegum innkaupum.
	Raunkostnaður við þjónustupætti verði aðgengilegur.	Meðalþátttökukostnaður pr. ungling í félagsmiðstöð verði reiknaður.
Góður aðbúnaður	Aðstaða sem hæfir fjölbreyttu starfi.	Leita áfram leiða til að bæta aðstöðu frístundstarfs í Kelduskóla – Vík.
		Endurskoða fyrirbyggjandi hugmyndir að framtíðarhúsnæði fyrir frístundamiðstöðina Gufunesbæ.
		Leita áfram leiða til að bæta aðstöðuna í klifurturninum.
		Hefja framkvæmdir við byggingu á klifurkastala fyrir börn á fjölskyldusvæði.
		Leita leiða til að hefja framkvæmdir á vatnsleiktæki og rólu sem búið er að hanna á fjölskyldusvæðið.
		Auka skjól við útiðunarsvæðið með því að setja upp skjólgirðingar.
		Bæta nestisaðstöðu við skíðabrekkurnar með því að smíða palla.
		Gera tilraunir með snjógirðingar á skíðasvæðunum.
	Tækjabúnaður sem hæfir fjölbreyttu starfi.	Rýna tækjabúnað frístundaheimila og félagsmiðstöðva út frá kynjasjónarmiðum og ólíku áhugasviði barna og unglunga.

LYKILTÖLUR

	Raun 2010	Raun 2011	Raun 2012	Raun 2013
Starfsmannamál				
Fjöldi stöðugilda (1.okt)	71,34	66,76	68,5	66,7
Fjöldi starfsmanna Gufunesbæjar (1.okt)	130	131	130	134
- Karlar	54	63	76	49
- Konur	76	68	63	86
Útivist og hlaða				
Skráð aðsókn að útivistarsvæði og hlöðu Gufunesbæjar (ekki innifalið einstaklingar og hópar sem nýta sér svæðið án sérstakrar pöntunar).		13846	14368	14951
Frístundaheimili 6-9 ára				
Fjöldi barna á frístundaheimilum, haust (1. okt.)	617	590	594	620
Fjöldi stuðningsbarna á almennum frístundaheimilum (samþykkt)		48	57	46
Fjöldi skráninga í sumarstarf f. 6-9 ára	847	736	736	721
- Stelpur	409	381	331	285
- Strákar	438	355	405	436
Frístundaklúbbar 10-16 ára (börn með fötlun)				
Frístundaklúbbar fatlaðra 10-16 ára (1. okt)		25	21	14
Fjöldi skráninga í sumarstarf		116	108	95
- Stelpur		29	28	17
- Strákar		87	80	78
Félagsmiðstöðvastarf fyrir 10-12 ára				
Heildarþátttaka yfir árið	7755	7109	6763	8491
- Stelpur	4176	3551	3451	4019
- Strákar	3579	3558	3377	4472
- Þar af sumarsmiðjur	670	872	894	1184

	Raun 2010	Raun 2011	Raun 2012	Raun 2013
Félagsmiðstöðvar 13-16 ára				
Heimsóknir unglunga í félagsmiðstöðvar	31558	26349	23147	21944
- Stelpur	15288	12912	11410	10186
- Strákar	16270	13437	11618	10186
Þar af í sumaropnun	1060	897	1034	1019
Fjöldi ungs fólks sem tekur þátt í ungmennaráðum hverfanna (þar af í Reykjavíkurráði)	15	12	14	10
- Stelpur	7	9	9	6
- Strákar	8	3	5	4
Fjöldi unglunga í félagsmiðstöðvarhópum og Vinnuskóla.		27	21	5
- Stelpur		17	11	2
- Strákar		10	10	3
Annað starf fyrir börn, unglunga og ungmenni				
Börn á smíðavöllum		35	35	47